



**ÍSAFJARÐARBÆR**

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndarsvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Ísafjörður, 10. júní 2015  
2015020078

**Efni: 770. mál, umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar**

Hér með tilkynnist eftirfarandi umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem samþykkt var á 362. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 4. júní sl.:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir ályktun Hafnarstjórnar vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2018, útreið Ísafjarðarhafna í samgönguáætlun er mjög alvarlegt mál og ekki til þess fallið að styrkja undirstöður sveitarfélags sem býr í erfiðu umhverfi. Sú staðreynd að ríkið tekur ekki þátt í brýnum hafnarbótum eins og lög gera ráð fyrir hefur verið Ísafjarðarbæ þungur baggi og verður því ástandi að linna.

Bæjarstjórn vill enn fremur benda á að hvert ár sem líður án þess að vinna hefst við Dýrafjarðargöng er verulegt tjón fyrir efnahagssvæðið á Vestfjörðum og tefur aðra uppbyggingu á svæðinu, eins og t.d. bætt raforkuöryggi, uppbyggingu í ferðaþjónustu og fiskeldi og samstarf fyrirtækja. Því er nauðsynlegt að þeim framkvæmdum verði flýtt um eitt ár frá því sem fram kemur í tillögunni.

„Einnig er vert að benda á að ef ekki verður lagt fé í viðhald þeirra vega sem elstir eru ðg verst farnir í Ísafjarðardjúpi þá er hætt við að þeir verði alfarið ónýtir þegar tímabili áætlunarinnar lýkur.“

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarritari